


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Áfangaheiti BHE 501 Kennsluáætlun 5. Önn 2012	
Síða 1 af 1		

Kennari	Kristján B. Jónsson	Sk.st.	
----------------	---------------------	---------------	--

Áfangalýsing:

Fjallað er um virkni, skoðun, stillingu og prófun framleiðsluhluta hemlakerfa. Farið er yfir stöðu- og neyðarhemlakerfi og hvernig þau eru skoðuð og prófuð. Farið er yfir gerð og virkni hjólhemla, m.a. læsivörn og þeir skoðaðir og stilltir. Þjálfuð er tækni við viðgerðir hjólhemla. Enn fremur leit að loftflekum í leiðslukerfi og viðgerðir á þeim. Kynnt er hemlakerfi eftirvagna, farið yfir hjálparhemlakerfi, þ.e. drifskafthemla, útblásturshemla og ýtihemla eftirvagna og æfð prófun hemla í hemlaprófara. Áhersla er lögð á slyshættu við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Markmið:

Nemandi þekki: Helstu gerðir þrýstiloftshemlakerfa, íhluti þeirra og hjálparhemla: drifskafthemla, útblásturshemla og ýtihemla eftirvagna, slyshættu við viðgerðir þrýstiloftshemlakerfa, ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Nemandi geti: Lýst virkni þrýstiloftshemlakerfa, helstu hluta þeirra og gert skoðanir og prófað hemlakerfi. Sinnt algengum viðgerðum þessara hemlakerfa og sinnt reglubundnu viðhaldi þrýstiloftshemla

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.

Verkefnablöð kennara.

Áætlun um yfirferð:

Farið yfir námsefni lotunnar, fjallað um ýmsar gerðir loftkerfa, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra, virkni loftkerfa, viðgerðir og viðhald þeirra. Skoðaðir íhlutir bæði lausir og í ökutækjum.

Nemendur vinna verkefni þar sem mælingar eru gerðar á loftkerfum, hemlaprófun og stýringum á loftkerfum.

Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir sem geta komið upp í loftkerfum með áherslu á loftbremsukerfi.

Hvernig staðið skuli að viðgerð á loftkerfum með áherslu á hvað má og má ekki í umgengni og viðgerðir á loft og bremsukerfum stórra bíla.

Nemendur skila tveimur heimaverkefnum, vinna verkefni í bílum og svo er skriflegt lokapróf.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna.

Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk.

Áskilinn er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils